



Skýrsla stjórnar SKY á Skyldingaþingi 2026



Glæsilegur árangur hjá karlalandsliðinu – 11 sæti á EURO 2024
Emil Ísleifur Sumarliðason, Andri Nikolaysson Mateev og Gunnar Egill Ágústsson



Glæsilegur árangur náðist á EM 2026 í Antony. Andri Nikolaysson hafnaði í 20. sæti og náði þar með besta árangri íslensks skyldingamanns á EM frá upphafi.

Efnispættir:

1. Formáli
2. Skipan í stjórn og nefndir
3. Helstu verkefni stjórnar SKY
 - 3.1 Ný Skylmingamiðstöð
 - 3.2 Skylmingafjölskyldan
 - 3.3 Afreksmál
 - 3.4 Keppnir innanlands
 - 3.5 Keppnir erlendis
 - 3.6 Alþjóðleg samskipti
 - 3.7 Fræðslu- og útbreiðslustarf
4. Rekstur SKY
5. Þátttaka á fundum, námskeiðum og þingum
6. Tillögur að úrbótum / áhersla stjórnar SKY
7. Lokaorð



Andri sigraði alla andstæðinga sína á opna Norðurlandameistaramótinu 2025 (Nordic Fencing Festival) með miklum yfirburðum. Glæsilegur árángur undirstrikar sterka stöðu hans á Norðurlöndunum og sýnir vel vaxandi framgang Andra á alþjóðlegum vettvangi.

Andri sigraði Viking Cup Heimsvikarmótið og tryggði sér þar með glæsilegan sigur á sterku alþjóðlegu móti (Satellite - mót Alþjóðaskylmingasambandsins FIE haldið í Reykjavík). Afrekið staðfestir stöðugan framgang hans og styrk á heimsvettvangi.

Andri Nikolaysson Mateev og Hilmar Örn Jónsson, fyrrverandi skylmingamaður og nú einn sterkasti maður Íslands, hafa vakið athygli fyrir samstarf og þátttöku í verkefnum sem tengja saman afreksípróttir og styrktarþjálfun.



1. Formáli

Þetta þing þann 22. Júní 2026 er ellefta Skylmingaþingið frá stofnþingi sambandsins 28. október 2006. Í þessari skýrslu er farið stuttlega yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið frá síðasta þingi.

Við bjóðum ykkur hjartanlega að fagna með okkur 20 ára afmæli sambandsins 31. október 2026 með hátíðlegum viðburðum og fjölbreyttri dagskrá – takið daginn frá. Í tilefni af 20 ára afmæli okkar verður Norðurlandameistaramótið einnig haldið á Íslandi sömu helgi.

2. Skipan í stjórn og nefndir

Á síðasta SKY þingi 31. maí 2024 var Nikolay Ivanov Mateev kosinn formaður, í stjórn voru kosin Gunnhildur Einarsdóttir, Kristmundur Bergsveinsson, Ólafur Bjarnason og Þorbjörg Ágústsdóttir. Varamenn voru kosnir Guðjón Ingi Gestsson, Hreinn Gústavsson og Ingibjörg Laufey Guðlaugsdóttir.

Stjórnin ákvað á sínum fyrsta fundi þann 5.6.2024 eftirfarandi verkaskipan:

Þorbjörg Ágústsdóttir	varaformaður
Kristmundur Bergsveinsson	gjaldkeri
Gunnhildur Einarsdóttir	ritari
Ólafur Bjarnason	meðstjórnandi

Nikolay og Calculus viðskiptalausnir ehf. annast daglegan rekstur SKY. Stjórnin kemur yfirleitt saman fjórum sinnum á ári, en hittist oftari í tengslum við keppnir og/eða æfingabúðir, auk símtala og tölvupóstssamskipta.

Landsliðsnefnd:

Guðrún Jóhannsdóttir, Nikolay Mateev og Þorbjörg Ágústsdóttir

Mótanefnd:

Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Gunnar Egill Ágústsson og Sævar Baldur Lúðvíksson

Dómaranefnd:

Andri Nikolaysson Mateev, Kristmundur Bergsveinsson og Nikolay Mateev

Tækninefnd:

Guðjón Ingi Gestsson, Kristmundur Bergsveinsson og Sævar Baldur Lúðvíksson


3. Helstu verkefni stjórnar SKY

3.1 Ný Skylmingamiðstöð

Bylting varð í aðbúnaði fyrir iðkun skylminga á Íslandi með tilkomu Skylmingamiðstöðvarinnar í Laugardal sem vígð var 19. janúar 2008. Þá eignuðust skylmingar á Íslandi loksins fast athvarf. Í Skylmingamiðstöðinni er æfingaaðstaða Skylmingafélags Reykjavíkur jafnframt því sem hún þjónar öllum landsliðshópum SKY. Salurinn státar af 12 fullbúnum keppnisbrautum á sérhönnuðu skylmingagólfi, með innfeldum dómaravélum. Þar eru haldin mót og æfingabúðir, auk venjulegra æfinga fyrir

alla aldursflokka. Skylmingamiðstöðin er því gríðarlega mikilvæg fyrir skylmingar á Íslandi.

Vegna nýrrar áætlunar um endurbætur á landsleikvanginum í knattspyrnu hafa ÍBR og menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar hafið viðræður um nýja Skylmingamiðstöð á öðrum stað í borginni. Gert er ráð fyrir að miðstöðin verði tilbúin snemma á næsta ári, 2027.



Álfabakki 2a er lagerrými sem kemur til greina að innrétta sem nýja Skylmingamiðstöð.

3.2 Skylmingafjölskyldan

Styrktaraðilar skylmingasambandsins eru **World Class, Icelandair, NiSports Scandinavia** og **Fencing Star shoes**. World Class býður afsláttarkjör bæði vegna SKY keppanda og þjálfra og erlenda keppanda sem komið hafa í æfingabúðir til okkar. NiSports Scandinavia og Fencing Star Shoes er að þróa sérsniðinn skó fyrir Andra og Ísland.



SKY vill koma á framfæri innilegu þakklæti til allra styrktaraðila fyrir mikilvægan stuðning þeirra við uppbyggingar og afreksstarf sambandsins, og vonast til að samstarfið haldi áfram og styrkist á komandi árum.

Frá árinu 2025 hefur SKY verið í formlegu samstarfi við ítalska skylmingasambandið og Accademia d'Armi Musumeci Greco 1878, eitt elsta og virtasta skylmingafélag Ítalíu (sjá meðfylgjandi samning). Ávinningur SKY er þjálfun Andra og annarra íslenskra skylmingamanna og þjálfar sem þess kjósa, auk þess að keppendur í öllum flokkum geta farið þangað í æfingabúðir.

SKY leitar áfram að öflugum aðalstyrktaraðila til að styðja við áframhaldandi vöxt og metnaðarfullt afreksstarf sambandsins.

SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN



3.3 Afreksmál

Á undanförunum árum hefur stjórn SKY sótt um styrki í Afrekssjóði ÍSÍ til styrkveitinga afreksíþróttamanna í skylmingaíþróttinni. Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ í uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni.

SKY er nú flokkað sem Afrekssérsamband III. Með þeim glæsilega árangri sem Andri náði á Evrópumeistaramótinu í Antony, þar sem hann hafnaði í 20. sæti, er gert ráð fyrir að SKY færist upp í flokk Afrekssérsambands II eða jafnvel í flokk Afrekssérsambands I, ef árangur í liðakeppni verður einnig metinn.

Afreksstefna SKY er í sífelldri endurskoðun og er útgáfa sem gerð var fyrir tímabilið 2024-2028 birt á heimasíðu sambandsins. Afrekstefna SKY verður endurmetin á seinni hluta ársins 2026.

Eftirfarandi úthlutanir fengust úr **Afrekssjóði ÍSÍ** á tímabilinu:

Tegund verkefna	2024	2025
Landsliðsverkefni	7.338.000 kr.	11.355.034 kr.
Styrkir vegna einstaklinga:		
Andri Nikolaysson Mateev	1.250.000 kr.	1.250.000 kr.
Einstaklingsstyrkur frá Ólympíusamhjálpinni fyrir LA 2028:		
Andri Nikolaysson Mateev		437.004 kr.



Styrkþegar Ólympíusamhjálpinnar vegna Los Angeles 2028

Ólympíusamhjálpin styrkir íþróttafólk í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles 2028.

Andri Nikolaysson Mateev var einn af níu íþróttamönnum frá sjö sérsamböndum ÍSÍ sem hlutu styrk frá Ólympíusamhjálpinni. Um er að ræða mánaðarlegan styrk að upphæð 900 dollara á mánuði sem ætlaður er til að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna æfinga og keppni.

ÍSÍ og Afreksmiðstöð Íslands hafa stofnað Launasjóð íþróttafólks til að styðja við afreksíþróttafólk landsins.

Andri Nikolaysson Mateev var einn af þeim 38 íþróttamönnum sem hlutu styrk úr sjóðnum.

Nýr áfangi hefur verið náð í íslenskum skyldingum 🏆

Ólympíuleikar ungmenna munu fara fram í Dakar, Senegal, dagana 31. október til 13. nóvember 2026 og Ísland verður meðal þátttakenda 🇮🇸✈️

Þátttaka Íslands er tryggð vegna árangurs Andra á alþjóðlegum mótum, en hann tryggði sæti fyrir íslenska keppendur í höggversögrein unglunga (cadet), fyrir einstaklinga fædda

árið 2009 eða síðar. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2010 að Ísland öðlast keppnisrétt á Ólympíuleikum ungmenna.

Þetta markar mikilvægt skref fyrir íslenskar skylmingar og undirstrikar vaxandi stöðu greinarinnar á alþjóðavettvangi 🇮🇸🏆

Íþróttamaður og íþróttakona Skylmingasambands Íslands árið 2024 og 2025



Andri Nikolaysson Mateev, Skylmingafélagi Reykjavíkur

Andri er Skylmingamaður ársins í tíunda sinn.

- Hann sigraði alla andstæðinga sína á Opna Norðurlandameistaramótinu 2025 með yfirburðum.
- Andri sigraði Viking Cup Heimsbikarmótið 2024 og var í 3. sæti árið 2025.
- Hann var lykilmaður í karlalandsliðinu sem varð í 11 sæti á Evrópumeistaramótinu Basel 2024.

Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Skylmingadeild FH

Þetta er í fimmta skiptið sem Anna Edda hlýtur verðlaun fyrir Skylmingakonu ársins.

- Hún varð Íslands- og bikarmeistari í kvennaflokki í ár.
- Anna Edda hafnaði í þriðja sæti á Opna Norðurlandameistaramótinu (Nordic Fencing Festival) í flokki U23 (23 ára og yngri) og í 9 sæti í kvennaflokki.



3.4 Keppnir innanlands

SKY sá um Íslandsmeistaramót og Íslandsbikarmót, keppt var í barna-, unglunga- og fullorðinsflokkum. Einnig var keppt í keppni í tengslum við RIG og Viking Cup 2024 og 2025 bæði í karla- og kvennaflokki.

Íslandsmeistaramót og Íslandsbikarmót eru meðal mikilvægustu móta á vegum Skylmingasambands Íslands og eru haldin árlega í maí og nóvember. Keppt er er:

Börn	B10	9-10 ára á almanaksárinu
Börn	B12	11-12 ára á almanaksárinu
Unglingar	U14	13-14 ára á almanaksárinu
Unglingar	U17	13-17 ára á almanaksárinu
Ungmenni	U20	13-20 ára á almanaksárinu
Fullorðnir	F	13 ára og eldri á almanaksárinu

Mótahaldið hefur verið vel sótt undanfarin ár og endurspeglar vaxandi áhuga á skylmingum á Íslandi.

Viking Cup 2024 og 2025



Andri sigraði Viking Cup Heimsbikarmótið 2024 og var í 3. sæti árið 2025.

Karitas Jónsdóttir og Anna Edda voru í 6. og 8. sæti árið 2024. Gunnar Egill Ágústsson var í 7. sæti árið 2024.



RIG, Reykjavik International Games 2024

Skyldingamaður mótsins:

Alexander Viðar, ISL

Skyldingakona mótsins:

Giedrė Razgutė, LTU



RIG, Reykjavik International Games 2025

Skyldingamaður mótsins: Emil Ísleifur Sumarliðason, ISL

Skyldingakona mótsins: Giedrė Razgutė, LTU

3.5 Keppnir erlendis

Á árunum 2024-2025 var farið á fjöldann allan af mótum. Heimsmeistaramót og Evrópumeistaramót bæði unglunga og fullorðinna, Grand Prix mót og Heimsbikarmót ásamt Evrópumótaraðar U17 (EFC CC). Einnig var tekið þátt í Norðurlandamótum, þar sem íslenskir keppendur hafa ávallt staðið sig vel og náð framúrskarandi árangri.

Alfred Ási Davíðsson, Ari Vilberg Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Kjartan Gunnsteinn Kjartansson, Magnús Matthíasson og Ýmir Darri Hreinsson tóku þátt í alþjóðlegum æfingabúðum í Chianciano Terme á Ítalíu fyrir U17 ára, dagana 31. júlí til 9. ágúst 2024. Æfingabúðirnar voru mikilvægur liður í undirbúningi keppenda fyrir alþjóðleg mót og veittu þeim tækifæri til að æfa við sterka erlenda skyldingamenn, undir leiðsögn reyndra þjálfara og í krefjandi alþjóðlegu umhverfi. Þjálfari hópsins var Anna Edda Gunnarsdóttir Smith.

---)----- TEAM ICELAND 2024-2025 á erlendri grundu -----(---

Alexander Viðar, Alfred Ási Davíðsson, Andri Nikolaysson Mateev, Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Ari Vilberg Jónasson, Birgir Valgeirsson, Emil Ísleifur Sumarliðason, Funi Arnarsson, Guðjón Ingi Gestsson, Gunnar Egill Ágústsson, Hrólfur Týr Sverrisson Kaaber, Karitas Jónsdóttir, Kjartan Gunnsteinn Kjartansson, Magnús Matthíasson, Ólafur Birgir Jónsson, Sif Snorradóttir, Sævar Baldur Lúðvíksson og Ýmir Darri Hreinsson

Eftirtektarverður árangur náðist í liðakeppni á EM 2024 og í einstaklingskeppni á EM 2026



Glæsilegur árangur hjá karlalandsliðinu – 11 sæti á EURO 2024
Emil Ísleifur Sumarliðason, Andri Nikolaysson Mateev og Gunnar Egill Ágústsson



Glæsilegur árangur náðist á EM 2026 í Antony. Andri hafnaði í 20. sæti og náði þar með besta árangri íslensks skylmingamanns á EM frá upphaf


Norðurlandameistaramótið 2025 - Nordic Fencing Festival

Dagana 28. – 31. ágúst var haldið opna Norðurlandameistaramótið í skyllingum í Kaupmannahöfn í Danmörku, þar sem keppt var í öllum aldursflokkum og með höggusverði, stungusverði og lagsverði. Keppendur voru yfir 1000 frá 27 þjóðum og er þetta eitt fjölmennasta opna Norðurlandameistaramót frá upphafi, 12 íslenskir keppendur tóku þátt í hinum ýmsu flokkum.



Andri sigráði alla andstæðinga sína á opna Norðurlandameistaramótinu 2025 (Nordic Fencing Festival) með miklum yfirburðum. Afrekið undirstrikar sterka stöðu hans á Norðurlöndunum og sýnir þann stöðuga framgang sem hann hefur náð á alþjóðlegum vettvangi á undanförunum árum.

Hrólfur Týr Sverrisson Kaaber sigráði í flokki U13. Anna Edda hafnaði í þriðja sæti í flokki U23 (23 ára og yngri) og í 9 sæti í kvennaflokki, ásamt Ara Vilberg Jónassyni sem lenti í 5. sæti í flokki U17 (17 ára og yngri) á mótinu.



Einnig átti Birgir Valgeirsson góðan árangur og vann til bronsverðlauna í einstaklingskeppni drengja 17 ára og yngri með stungusverði, en hann æfir í Svíþjóð.

3.6 Alþjóðleg samskipti

Alþjóðlegt samstarf hefur verið öflugt og farsælt á tímabilinu og hefur SKY styrkt stöðu sína verulega á alþjóðavettvangi.

Nikolay Mateev er varaforseti Norræna skylmingasambandsins (NFU) og hefur setið í stjórn Evrópska skylmingasambandsins (EFC) frá árinu 2008. Árið 2024 var hann kjörinn í stjórn Alþjóðaskylmingasambandsins (FIE) og gegnir jafnframt formennsku í reglunefnd sambandsins. Þessi ábyrgðarhlutverk endurspeglar sterka stöðu hans innan alþjóðlega skylmingasamfélagsins og mikilvægt framlag hans til þróunar íþróttarinnar.

Guðjón Ingi Gestsson sat í tækninefnd Alþjóðaskylmingasambandsins (FIE) á árunum 2012–2024, þar sem hann tók þátt í faglegri mótun og þróun keppnisreglna á heimsvísu.

Frá árinu 2025 hefur SKY átt í formlegu samstarfi við ítalska skylmingasambandið, sem er eitt af sterkustu skylmingasamböndum heims. Samstarfið hefur skapað mikilvæga tengingu við öflugt afreks- og þjálfunarumhverfi á Ítalíu.

Fulltrúar SKY hafa jafnframt tekið virkan þátt í aðalfundum Alþjóðaskylmingasambandsins (FIE), Evrópska skylmingasambandsins (EFC) og Norræna skylmingasambandsins (NFU), þar sem unnið er að stefnumótun og þróun íþróttarinnar á öllum stigum.

3.7 Fræðslu- og útbreiðslustarf

Útbreiðsla skylmingaíþróttarinnar innanlands er okkur hjartans mál og munum við halda áfram að sinna henni eins vel og við getum á næstu árum.

---)---- Vefsíða SKY www.skylmingar.is, er uppfærð reglulega með nýjustu fréttum og upplýsingum

---)---- SKY nýtir samfélagsmiðla, t.d. **Facebook** og **Instagram**

---)---- SKY nýtir Sportabler

Vassil Etropolski frá Búlgaríu, fyrrum heimsmeistari og margfaldur heimsbikarmeistari í höggsvörði, stóð fyrir æfingabúðum fyrir helstu skylmingamenn landsins og þjálfara vikuna fyrir Viking Cup 2025. Æfingabúðirnar voru mikilvægur liður í undirbúningi keppenda og styrktu bæði tæknilega og taktíska getu þeirra fyrir alþjóðlega keppni. Áætlað var að hann héldi frekari æfingabúðir á Íslandi, en vegna heilsubrests og langvarandi meðferðar á sjúkrahúsi hefur það því miður tafist.

Skylmingasambandinu vantar nýjan landsliðsþjálfara. Stefnt er að því að **Vassil Etropolski frá Búlgaríu** og **Tommaso Dentico frá Ítalíu** taki að sér hlutverk



landsliðsþjálfara í skylmingum haustið 2026? Í upphafi er gert ráð fyrir að þeir komi til skiptis til landsins í um tíu daga í senn 5 sinnum ári, þar sem þeir vinna náið með landsliðunum, bæði í tæknilegum og taktískum undirbúningi, auk þess að aðstoða við þjálfun yngriflokka. Á milli heimsókna munu landsliðin fylgja skipulögðum æfingaáætlunum og leiðbeiningum þjálfaranna í markvissum undirbúningi fyrir alþjóðleg mót undir handleiðslu okkar íslensku staðþjálfara.

Jafnframt er stefnt að því að efla þjálfara- og dómaramenntun í tengslum við lykilviðburði héraendis á borð við Viking Cup 2026, „Sabre on Ice and Fire – International Training Camp 2026“ og Norðurlandamótið sem haldið verður á Íslandi í lok október. Þetta er liður í heildstæðri uppbyggingu skylminga á Íslandi með áherslu á fagmennsku og alþjóðlega tengingu. Þá munu alþjóðlegir dómarar sem koma til landsins til að sinna dómgæslu halda stöðluð dómara námskeið.

Skylmingasamband Íslands, í samstarfi við Skylmingafélag Reykjavíkur, hefur umsjón með HEMA-skylmingum (Historical European Martial Arts) og geislasverðskylmingum. Þessar greinar hafa vaxið hratt á undanförunum árum og eru vel þekktar á Norðurlöndunum, auk þess sem þær njóta vaxandi vinsælda í Frakklandi og Bandaríkjunum.

Samstarfið hefur gengið vel og skapað ný tækifæri til fjölbreyttari þátttöku í skylmingum. Markmiðið er að þróa og bjóða upp á spennandi og aðgengileg námskeið þar sem börn og unglingar geta kynnst og æft mismunandi skylmingagreinar í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Þetta er liður í að efla breidd í íþróttinni og kynna skylmingar á nútímalegan og aðlaðandi hátt fyrir nýjum kynslóðum.

4. Rekstur SKY

Stjórn SKY ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri sambandsins. Ársreikningar eru færðir í samræmi við bókhaldslykla ÍSÍ og gætt er að faglegum og gagnsæjum vinnubrögðum í allri fjármálastjórn. Daglegur rekstur er í höndum formanns, Nikolay Mateev, sem hefur leitt starfsemi sambandsins frá upphafi með áherslu á bæði afreks- og þróunarstarf.

Til að gera honum kleift að einbeita sér í auknum mæli að afreksstarfi og alþjóðlegu samstarfi var gerður samningur við Calculus viðskiptalausnir ehf. um umsjón launamála, skattframtala og annarra rekstrarlegra þátta. Endurskoðendur SKY eru Margrét V. Friðþjófsdóttir, viðurkenndur bókarari, og Haraldur Þórir Hugosson, hagfræðingur, sem tryggja faglegt utanumhald og eftirlit með fjárhagslegum þáttum.

Rekstur sambandsins hefur verið í góðum farvegi og horft er bjartsýnt til framtíðar. Markmið SKY er að halda áfram að efla landsliðin og styrkja enn frekar stoðir afreksstarfs á komandi árum, með áherslu á markvissa uppbyggingu og aukinn árangur á alþjóðavettvangi.

5. Þátttaka á þingum, fundum og námskeiðum

Formaður og varaformaður hafa tekið virkan þátt í fundum á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), þar á meðal formannafundum sambandsins, þar sem fjallað er um stefnumótun og þróun íþróttastarfs á landsvísu.

Eins og áður hefur komið fram hefur Nikolay jafnframt setið fjölmarga fundi og ráðstefnur á vegum Norræna skylmingasambandsins (NFU), Evrópska skylmingasambandsins (EFC) og Alþjóðaskylmingasambandsins (FIE). Þátttaka hans á þessum vettvangi endurspeglar virka þátttöku SKY í alþjóðlegu samstarfi og mikilvæga tengingu við ákvörðunartöku og þróun skylminga á heimsvísu.

6. Tillögur að úrbótum / áhersla stjórnar SKY

- Hraða endurnýjun almenns búnaðar - keyptar verði árlega 20 búningasett í barna og fullorðins stærðum næstu 2-4 árin til að fasa út eldri æfingabúnað.
- Bæta upplýsingaflæði milli SKY, félaga, félagsmanna sem og foreldra. En (skyndi)lokanir æfingaðstöðu vegna knattspyrnu leikja hefur reynst sambandinu erfitt og margar æfingar hafa fallið niður.
- Róið að því öllum árum að fá nýja landsliðspjálfara til starfa í haust.
- Bæta gerð æfingaáætlananna keppnisflokka og að þær séu útbúin tímanlega fyrir upphaf hverrar annar.
- Undirbúa mjög vel flutning í nýja skylmingamiðstöð, þar sem lögð verður áhersla á útbreiðslustarf yngri flokka og fjölbreytt námskeið.

7. Lokaorð



Góður árangur Andra á undanförunum árum endurspeglar stöðugan og markvissan framgang hans í íþróttinni og styrkir þá trú að hann hafi raunhæfa möguleika á að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 2028.

Eftirtektarverður árangur Andra á EM í júní 2026, þar sem hann endaði í 20 sæti, er mikilvægur á þeirri vegferð. Það er markmið SKY að standa áfram þétt við bakið á Andra næstu tvö árin til að gera honum kleift að byggja ofan á sinn góða árangur og tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Los Angeles 2028.

Til að tryggja áframhaldandi framgang og útbreiðslu skylmingaíþróttarinnar á Íslandi vill SKY gera útbreiðsluáttak í tengslum við flutning í nýja skylmingamiðstöð 2027, með því að kynna börnum og ungmennum skylmingaíþróttina í nýju hverfi.



Stofnþing Skyldingasambands Íslands 2006

Þann 31. október 2026 býður SKY velunnara sína hjartanlega velkomna til að fagna 20 ára afmæli sambandsins! Takið daginn frá! Dagskráin verður fjölbreytt og hátíðleg.

Í tilefni af 20 ára afmæli SKY verður Norðurlandameistaramótið einnig haldið á Íslandi sömu helgi.